

## Samskeytalaus þægindagólf - tæknilýsingarblað

### Efnislýsing:

ULTRA 3000 er matt tveggja þátta leysiefnalaust fjölliðuefni sem samanstendur af glærum grunni og lituðu polyúretan bindiefni. ULTRA 3000 er lagt um það bil 2 mm þykkt og er ákjósanlegt á staði þar sem þægindi og hljóðdempun þarf að vera í fyrirrúmmi.

### Kostir:

Helstu kostir ULTRA 3000 gólfefnisins eru, að fljótlegt er að leggja það og hægt að leggja það í húlkíl sem auðveldar þrif. ULTRA 3000 getur mögulega haft upphleypta áferð sem gerir efnið hálkufrítt. ULTRA 3000 er lagt samskeytalaust þ.e.a.s hefur samfelt yfirborð sem auðvelt er að þrifa. ULTRA 3000 er leysiefnalaust og því ekki mengandi fyrir matvæli né umhverfið hvorki við lögn eða eftir á.

### Notkunarvið:

Helsta notkunarvið ULTRA 3000 eru t.d. gólf í skólum, sjúkrahúsum, leikskólum eða á heimilum. Hægt er að fá ULTRA 3000 í nokkrum staðallitum, einnig er hægt að fá gólfefnið í fjölda lita ef fyrirvari er nægur.

### Eiginleikar:

Mjúkt og hljóðdempandi


Mikið beygjufól

Hitapól: 60°C með álagi

Raka og vatnspétt.

Ljósþolið

Teygjanlegt



### Vinnslutími:

- ◆ Tími við lögn: 2-3 dagar

### Vinnsluferli:

Steinsteypa þarf að vera minnst 28 daga gömul frá lagningu, undirlag sé með a.m.k. 25N/mm brotstyrk að öðrum kosti þarf að styrkja yfirborðið með epoxý bindiefni, hlutfallsraki sé minni en 80% í yfirborði undirlags og að lofthiti sé yfir 18°C á meðan lögn fer fram.

Lagning ULTRA 3000 skal eingöngu framkvæmd af sérþjálfuðum lagningarmönnum.

### Umhirða:

Endingartími gólfefnis getur meðal annars byggst á reglulegum þrifum og góðri umhirðu. Gólfefnið skal þrifið með réttum efnum til að fjarlægja m.a. Dekkjaför og önnur illþrifanleg óhreinindi. Gólfefni í matvælaíðnaði er almennt nægjanlegt að þrifa með 50°C heitu vatni og hreinsiefnum skv. Þrifaplani frá framleiðanda hreinlætisvara. Nýtt gólfefni getur í sumum tilfellum verið kjörið tækifæri til að bæta umgengni á vinnustað.